Nr. 42.
25.
nóvbr.

Auglýsing

um

gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og Hans Hátignar Spánar konungs.

Hin danska og hin spánska stjórn hafa 1. desember 1905 gjört með sjer svofeldan samning um skuldbundna gjörð og fullgilt hann í Madríd 19. maí 1906.

Þýðing.

Hans Hátign Danmerkur konungur og Hans Hátign Spánarkonungur, sem hafa ritað undir sáttmála þann, sem gjörður var í Haag 29. júlí 1899 um að koma friðsamlegum sáttum á deilumál ríkja á milli, óska sumkvæmt frumreglum þeim, sem látnar eru í ljósi í 15.—19. gr. tjeðs sáttmála að leita samkomulags um að gjöra samning um skuldbundna gjörðardóma, og hafa skipað þessa menn umboðsmenn sína:

Hans Hátign Danmerkur konungur:

Herra greifa *Ferdinand Julius Einar Gottlieb Reventlow*, kommandör Dannebrogsorðunnar og Dannebrogsmann, sjerstaklegan sendiherra og umboðinn stjórnarherra Hans Hátignar í Madríd.

Hans Hátign Spánar konungur:

Hinn hágöfga *Don Pio Gullón é Iglesias*, stórkross Leopoldsorðu Belga, St. Ólafsorðu Norðmanna, Rauða arnar Prússa, Stefánsorðu Ungverja, Krónuorðu Bajara, hins hvíta Fíls Siamverja og Nichan-Iftikhars Túnverja, kommandör heiðursfylkingar Frakka, æfilangan Senator, stjórnarherra Hans Hátignar o. s. frv., o. s. frv.,

og er þeir hafa látið upp hvor við annan umboðsskjöl sín, sem reyndust góð og gild, hafa þeir komið sjer saman um greinar þær, er hjer fara á eftir:

1. grein.

Hinir hátignu samningsaðilar skuldbinda sig til að leggja undir úrskurð hins fasta gjörðardóms í Haag, sem settur er á stofn með sáttmála frá 29. júlí 1899 ágreining þann, sem kynni að rísa upp milli þeirra og ekki hefði orðið komið samkomulagi á fyrir milligöngu stjórnarerindreka þeirra, þó að sjálfsögðu að því áskildu, að málefnið varði ekki lífshagsmuni nje sjálfstæði hvors lands um sig.

Bekendtgørelse

Nr. 42.
25.
Novbr.

om

en mellem Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kongen af Spanien afsluttet Konvention om Voldgift.

Under 1. December 1905 er der mellem den danske og den spanske Regering bleven afsluttet og under 19. Maj 1906 i Madrid bleven ratificeret følgende Konvention som obligatorisk Voldgift:

Oversættelse.

Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Kongen af Spanien, der have undertegnet Konventionen angaaende fredelig Bilæggelse af internationale Stridigheder, afsluttet i Haag den 29 Juli 1899, og som ønske, i Henhold til de i nævnte Konventions Artikler 15—19 fremsatte Grundsætninger, at træde i Underhandling om Indgaaelse af en Konvention om obligatorisk Voldgift, have udnævnt til deres befuldmægtigede:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:
Hr. *Greve Ferdinand Julius Ejnar Gottlieb Reventlow*, Kommandør af Dannebrog og Dannebrogsmand, Hans Majestæts overordentlige Gesandt og befuldmægtigede Minister i Madrid.

Hans Majestæt Kongen af Spanien:
Hans Ekscellence *Don Pio Gullón é Iglesias*, Storkors af den belgiske Leopoldsorden, af den norske St. Olafsorden, af den preussiske røde Ørn, af den ungarske Stefansorden, af den bajerske Kroneorden, af den siamesiske hvide Elefant og af den tunesiske Nichan-Iftikhar, Kommandør af den franske Æreslegion, livsvarig Senator, Hans Majestæts Statsminister o. s. v., o. s. v.,
hvilke, efter at have meddelt hinanden deres Fuldmagter, der befandtes i god og rigtig Form, ere komne overens om følgende Artikler:

Artikel 1.

De høje kontraherende Parter forpligte sig til at henvise til den ved Konventionen af 29. Juli 1899 i Haag oprettede permanente Voldgiftsdomstol de Tvistigheder, der maatte opstaa mellem dem, og som ikke have kunnet ordnes ad diplomatisk Vej, dog under Betingelse af, at de ikke berøre de paagældende Landes Livsinteresser eller deres Uafhængighed.

Nr. 42. 25. nóvbr.

2. grein.

Það ber undir hvorn um sig hinna hátignu samningsaðila að skera úr því, hvort deilumál það, sem upp hefur risið, varðar lífshagsmuni ríkis hans eða sjálfstæði, og hvort það þá sje þess eðlis, að það eigi undir þau málefni, sem samkvæmt undanfarandi grein eru undanskilin skuldbundinni gjörð.

3. grein.

Hinir hátignu samningsaðilar skuldbinda sig til að undanskilja ekki samkvæmt 2. grein þau atriði, sem hjer verða á eftir talin, og skal því gjörðardómur ávalt vera skuldbindandi um þau:

1) Þegar um er að ræða deilumál, sem upp hafa risið um skilning eða framkvæmd á samningum, hvers kyns sem þeir eru, milli hinna hátignu samningsaðila;

2) Þegar um er að ræða deilumál um peningakröfur, þar sem málspartarnir hafa í aðalatriðunum kannast við skuldbindinguna til að lúka skaðabótum eða hverju öðru gjaldi sem er.

4. grein.

Samningur þessi á við, þó aldrei nema deilumál þau, sem upp kynnu að rísa, eigi rót sína að rekja til atvika, sem gjörðust áður en hann varð til.

5. grein.

Það er vitaskuld, að greinarnar hjer fyrir framan eiga ekki við um deilumál, sem kynnu að rísa upp milli þegns annars samningsaðilans og hins samningsríkisins, þegar dómstólarnir eftir lögum þessa ríkis eru bærir um að leggja dóm á ágreiningsefnið.

6. grein.

Þegar tilefni er til gjörðardóms milli hinna hátignu samningsaðila, vilja þeir, ef ekki eru til gjörðardómi samkvæm fyrirmæli í gagnstæða átt, í öllu sem snertir tilnefning gjörðardómandanna og rjettarfarið við gjörðardóminn, hegða sjer eftir fyrirmælum þeim, sem sett eru í sáttmálanum frá 29. júlí 1899, þó að undanskildum atriðum þeim, sem hjer á eftir skulu talin.

7. grein.

Enginn af gjörðardómendunum má vera þegn þeirra ríkja, sem hafa ritað undir þennan samning eða eiga heimkynni í landareign þeirra. Atriði þau, sem gjörðin beinist að, megi ekki á nokkurn hátt snerta hagsmunasemi þeirra.

8. grein.

Í gjörðarsamþykt þeirri, sem gjört er ráð fyrir í 31. gr. í sáttmálanum frá 29. júlí 1899 skal ákveða frest, er eigi má vera útrunninn áður en málspartarnir eru búnir að skiftast á erindum þeim og skjölum, sem eiga við ágreiningsefnið. Þessum skjalaskiftum á í öllu falli að vera lokið, áður en fundir gjörðardómsins hefjast.

9. grein.

Í gjörðardóminum eiga að vera tilteknir frestir þeir, sem eigi mega vera liðnir, áður en honum er fullnægt.

Nr. 42. Auglýsing 25. nóvember um gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og Hans Hátignar Spánar konungs.

Artikel 2.

Det tilkommer hver af de høje kontraherende Parter at bedømme, hvor vidt den opstaaede Tvistighed berører dens Livsinteresser eller dens Uafhængighed og, som Følge deraf, efter sin Natur henhører under dem, der i Henhold til den foregaaende Artikel ere undtagne fra obligatorisk Voldgift.

Artikel 3.

De høje kontraherende Parter forpligte sig til ikke at gøre Undtagelser gældende i Henhold til Artikel 2 i følgende Tilfælde, hvor Voldgiften i alle Tilfælde skal være obligatorisk:

1. I Tilfælde af Tvistigheder, naar det drejer sig om Fortolkning eller Anvendelse af Overenskomster af enhver Art mellem de høje kontraherende Parter.
2. I Tilfælde af Tvistigheder angaaende Fordringer paa Penge, naar Forpligtelsen til at udrede en Erstatning eller en hvilken som helst anden Betaling er anerkendt i Principet af Parterne.

Artikel 4.

Nærværende Konvention finder Anvendelse, selv om de Tvistigheder, der maatte opstaa, skulde have deres Oprindelse i Kendsgerninger, der ligge forud for dens Afslutning.

Artikel 5.

Man er enig om, at de foregaaende Artikler ikke ere anvendelige paa Tvistigheder, der maatte opstaa mellem en Undersaat af en af Parterne og den anden kontraherende Stat, naar Domstolene i Følge denne Stats Lovgivning ere kompetente til at paadømme Stridsspørgsmaalet.

Artikel 6.

Naar der er Grund til Voldgift mellem de høje kontraherende Parter, ville de, i Fald der ikke findes voldgiftsmæssige Bestemmelser i modsat Retning, i alt, hvad der angaar Udpegelsen af Voldgiftsmændene og Voldgiftsproceduren, rette sig efter de Regler, som ere fastslaaede ved Konventionen af 29 Juli 1899, med Undtagelse af, hvad der angaar de herefter angivne Punkter.

Artikel 7.

Ingen af Voldgiftsmændene maa være Undersaat af de Stater, der have undertegnet nærværende Konvention, eller have Bopæl paa deres Territorium. De maa ikke have nogen Interesse i de Spørgsmaal, som ere Genstand for Voldgiften.

Artikel 8.

Den i Artikel 31 i Konventionen af 19. Juli 1899 forudsatte Voldgiftsantagelse skal fastsætte en Frist, inden hvis Udløb Udvekslingen af de Indlæg og Dokumenter, der have Hensyn til Tvistighedens Genstand, skal finde Sted mellem de to Parter. Denne Udveksling skal i ethvert Tilfælde være endt før Begyndelsen af Voldgiftsrettens Møder.

Artikel 9.

Voldgiftskendelsen skal indeholde Angivelse af de Frister, inden hvilke den skal efterkommes.

Nr. 42. 25. nóvbr.

10. grein.

Samningur þessi skal gilda í 10 ár frá þeim degi að telja, er skifst hefur verið á fullgildingunum. Fari svo, að hvorugur hinna hátignu samningsaðila hafi sex mánuðum áður en þetta árabil er liðið látið í ljósi áform sitt um að láta hann falla úr gildi, heldur samningurinn áfram að vera skuldbindandi þangað til liðið er eitt ár, frá þeim degi talið, er annarhvor hinna hátignu samningsaðila hefur sagt honum upp.

11. grein.

Samning þennan skal fullgilda svo fljótt sem verða má, og um fullgildingarnar skal skifst á í Madríd.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir ritað nöfn sín undir samning þennan og sett á hann innsigli sín.

Gjört í Madríd í tveimur frumritum 1. desember 1905.

F. Reventlow. (L. S.)

Pio Gullón. (L. S.)

Þetta gjörist hjermeð að gefnu tilefni öllum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvember 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

Nr. 42. Auglýsing 25. nóvember um gjörðarsamning milli Hans Hátignar Danmerkur konungs og Hans Hátignar Spánar konungs.

Artikel 10.

Nærværende Konvention skal vare i 10 Aar fra den Dag at regne, da Udvekslingen af Ratifikationerne har fundet Sted. I det Tilfælde, at ingen af de højere kontraherende Parter sex Maaneder før Udgangen af nævnte Periode skulde have tilkendegivet sin Hensigt at lade Virkningerne af den ophøre, forbliver Konventionen bindende indtil Forløbet af ét Aar fra den Dag at regne, da den ene eller den anden af de høje kontraherende Parter har opsagt den.

Artikel 11.

Nærværende Konvention skal ratificeres snarest muligt, og Ratifikationerne skulle udveksles i Madrid.

Til Bekræftelse heraf have de befuldmægtigede undertegnet nærværende Konvention og forsynet den med deres Segl.

Sket i Madrid i dobbelt Udfærdigelse den 1. December 1905.

F. Reventlow. (L. S.)

Pio Gullón. (L. S.)

Hvilket paa dertil given Foranledning bringes til offentlig Kundskab.

Islands Ministerium, den 25. November 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.